



Oddeyrarskóli Tengja

7. tölublað
skólaárið
2014-2015
Febrúar/mars
2015

Sólmyrkvi 20. mars

Föstudaginn 20. mars var sólmyrkvi sem sást vel frá Íslandi. Þetta er langmesti myrkvi sem sést hefur frá Íslandi í 61 ár eða frá almyrkvanum árið 1954.

Til að geta orðið vitni að þessu einstaka og sjaldgæfa sjónarspili fengum við sérútbúin sólmyrkvagleraugu frá Stjörnufræðivefnum og Stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnarness með stuðningi frá Hótel Rangá og erum við þeim afar þakklát fyrir.

Aðstandendur verkefnisins stóðu ásamt Menntavísindasviði Háskóla Íslands og alþjóðlega menntaverkefninu Universe Awareness, fyrir kennaranámskeiði og menntabúðum í aðdraganda myrkvans. Þangað fóru tveir úr kennarahópi Oddeyrarskóla. Þar gafst þeim tækifæri til að læra um myrkvann og hvernig hægt er að nýta hann í kennslu.



SMT skólafærni er að:

- **gefa skýr fyrirmæli:** vingjarnleg og nákvæm.
- **kenna reglur með virkum hætti:** sýna og æfa reglurnar.
- **hafa reglur og væntingar sýnilegar:** það auðveldar öllum að muna.
- **minna á reglur:** „Hver er reglan, sýndu mér“
- **gefa jákvætt val:** „hvort viltu vinna í bláu möppunni eða rauðu?“
- **nota félagslega hvatningu:** bros, þumal, fimmu.
- **hrósa og setja orð á hrósið:** „Flott hvað það gekk vel hjá þér að ganga frá öllu á sinn stað.“
- **nota jákvæða styrkingu:** hrósmiðar til að auka jákvæða hegðun.
- **nota lausn vanda,** t.d. á bekkjarfundum.
- **eftirlit:** fylgjast með börnunum til að tryggja öryggi þeirra.
- **setja mörk:** með mildum og sanngjörnum leiðum.
- **tilfinningastjórn:** við erum fyrirmyndir í öllu sem við segjum og gerum.

Fiðla og fótstigið

Föstudaginn 17. apríl koma Lára Sóley Jóhannsdóttir fiðluleikari og Eypór Ingi Jónsson organisti og harmóníumleikari í heimsókn til okkar í skólann og halda tónleika sem þau kalla Fiðla og fótstigið.

Þau ætla flytja tónlist eftir mörg af þekktustu tónskáldum veraldar í nýjum búningi þar sem útsetningar og spuni setja léttu stemmningu og gera tónlistina enn aðgengilegri hlustendum. Einnig verða spiluð og sungin íslensk þjóðlög og leitast við að ná þjóðlegri áferð. Flytjendur eru í þjóðbúningum og notast jafnframt við skjávarpa þar sem myndum og fræðslu frá viðeigandi tónlistartímabilum er varpað upp. Leitast er við að hlustendur taki virkan þátt í tónleikunum meðal annars með söng og klappi. Við hlökkum til að fá þau Lára Sóleyju og Eypór Inga í heimsókn á fimmtudaginn og vonum sannarlega að allir nemendur skólans muni hafa gaman af.



ÁBYRGÐ—VIRÐING—VINÁTTA

Innanhússþing kennara

Á skipulagsdeginum 17. febrúar var haldið innanhússþing meðal kennara í Oddeyrarskóla. Tilgangur með slíku þingi er að auka faglega samræðu meðal kennara og kynna starf á ólíkum stigum. Kennarar kynntu verkefni og hugmyndir sem þeir eru að vinna að.

Innahússþingið var virkilega gott, við fengum margar ólíkar kynningar um ólík viðfangsefni og skapaðist áhugaverð samræða.

Skautar og bingó!

Föstudaginn 27. mars fórum við á skauta og spiluðum bingó. Þetta er gömul hefð sem við höfum haldið árum saman. Látum myndirnar tala sínu máli.



Fleiri myndir á myndasíðu skólans!

100 miða leikurinn!



Nú er 100 miða leiknum lokið þetta árið. Leikreglur eru þannig að á hverjum degi eru tveir starfsmenn skólans handhafar umbunarmiða og gefa þá nemendum sem fylgja gildum skólans og reglum sérstaklega vel. Hafa ber í huga að þetta er happdrætti, það er því ekki tryggt að maður fái stjörnu þótt maður standi sig vel. Þeir nemendur sem fá afhenta stjörnu eiga að fara með hana til ritara, gera grein fyrir því hvers vegna þeir fengu stjörnuna og þá fá þeir að draga númer frá einum upp í hundrað sem þeir setja á þar til gert 100 miða spjald.



Búið var að ákveða sigurröð fyrirfram og setja upplýsingar um hana og hver umbunin yrði í innsiglað umslag sem var varðveitt hjá ritara.

Nemendur sem fengu númer 71-80 voru sigurvegarar að þessu sinni og voru verðlaunin að fara í vöfflukaffi heim til Kristínar skólastjóra, þar sem við spiluðum, borðuðum vöflur og spjölluðum. Fyrir heimferð fengu allir eitt lítið páskaegg með málshætti.

Þetta var virkilega ánægjuleg stund :)

